



Reglugerð Lýðheilsu og Íþróttanefndar Kópavogs um kjör á Íþróttafólki Kópavogs

1. gr

Kjör á Íþróttafólki ársins í Kópavogi fer fram á ári hverju. Lýðheilsu- og Íþróttanefnd Kópavogsbæjar ásamt bæjarbúum sjá um að kjósa Íþróttafólkið, sem fær veittar viðurkenningar á Íþróttahátíð Kópavogs sem haldin er í janúarmánuði.

2. gr.

Íþróttafélög í Kópavogi skila inn rökstuddum tilnefningum til Lýðheilsu- og Íþróttanefndar í nóvember ár hvert. Félögum er heimilt að tilnefna eina stelpu, einn strákur og eitt stálp í aldursflokki 13-16 ára og eina konu, einn karl og eitt kvár í aldursflokki 17 ára og eldri, fyrir hverja grein íþrótta sem stunduð er hjá viðkomandi Íþróttafélagi. Lýðheilsu- og Íþróttanefnd er jafnframt heimilt að tilnefna Íþróttafólk ef ástæða þykir til.

3. gr

Íþróttafólk Kópavogs geta aðeins þau orðið sem stunda Íþróttir með Íþróttafélagi sem starfar í Kópavogi, eða hafa lögheimili í Kópavogi en stunda Íþrótt með sérgreinarfélagi utan Kópavogs. Það sama gildir um Íþróttafólk sem stundar Íþrótt sem ekki er boðið uppá innan Íþróttafélaganna í Kópavogi. Viðkomandi þarf að hafa náð 17 ára aldri á því ári sem tilnefnt er fyrir.

4. gr

Kjör á Íþróttafólki Kópavogs fer þannig fram að fulltrúar í Lýðheilsu- og Íþróttanefnd velja allt að 5 konur, 5 karla og 5 kvár úr innsendum tilnefningum sem kosið er á milli með tvennum hætti. Annars vegar fer fram rafræn íbúakosning milli fyrrnefnds Íþróttafólks sem gildir 40% á móti kjöri fulltrúa í Lýðheilsu- og Íþróttanefnd samkvæmt sérstakri vinnureglu þar að lútandi. Standi tvær manneskjur efstar og jafnar að kjöri loknu, kjósa aðalfulltrúar Lýðheilsu- og Íþróttanefndar milli þeirra tveggja að nýju. Niðurstaða kjörsins er síðan kunngjörð á Íþróttahátíð Kópavogs í janúar ár hvert.

5. gr

Tilnefnt Íþróttafólk hlýtur sérstaka viðurkenningu jafnframt því sem kjör á Íþróttakonu, Íþróttakarli og Íþróttakvári hljóta eignarbikar ásamt farandgrip sem viðkomandi varðveitir í eitt ár.

6. gr



Afhending viðurkenninga og tilkynning á vali á íþróttakonu, íþróttakarli og íþróttakvári Kópavogs fer fram á Íþróttahátíð Kópavogs eigi síðar en 15. janúar ár hvert.

Samþykkt af Lýðheilsu- og íþróttanefnd 16. október 2025